

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — mars 2020

Fordæmalausar aðstæður á vinnumarkaði

Staða á vinnumarkaði gjörbreyttist í marsmánuði sökum þeirra takmarkana sem farið var að setja á öll samskipti fólks samhliða útbreiðslu covid-veiru faraldursins frá lokum febrúar og þarf ekki að tíunda hér frekar. Einkum kom þetta illa niður á fyrirtækjum tengt flugsamgöngum og ferðapjónustu þar sem komur erlendra ferðamanna lögðust nánast af þegar líða tók á mars og sama er að segja um ferðalög Íslendinga innanlands sem utan.

Almennt atvinnuleysi fór vaxandi strax framan af marsmánuði, en einkum þó þegar líða tók á marsmánuð. Þá tóku gildi lög um minnkað starfshlutfall sem heimiluðu að starfshlutfall launafólks yrði fært niður í allt að 25% starf á móti greiðslum atvinnuleysisbóta sem námu þá allt að 75% hlutfalli á móti launum.

Um 5.200 fyrirtæki nýttu sér þennan möguleika fyrir samtals um 24.400 einstaklinga í marsmánuði og gera má ráð fyrir að allt að 6.500 fyrirtæki muni nýta sér þetta í allt á því tímabili sem þetta verður heimilt, fyrir nálægt 35.000 launþega.


Samtals voru um 38.600 einstaklingar á atvinnuleysisráði í lok mars, þar af um 24.400 í minnkuðu starfshlutfalli sem fyrr segir og ríflega 14.200 manns að auki á almennum atvinnuleysisbótum.

Atvinnuleysið eykst hratt

Samtals reiknast atvinnuleysi í mars **9,2%** og hefur aukist úr 5,0% í febrúarmánuði. Atvinnuleysi fór í **5,7%** vegna almennra umsókna um atvinnuleysistryggingar og um **3,5%** að auki vegna minnkaða starfshlutfallsins, eða um 9,2% samtals. Atvinnuleysi mun vaxa mikið í aprílmánuði þegar umsóknir um minnkað starfshlutfall koma fram af fullum þunga til viðbótar við allmikla aukningu almennra umsókna um atvinnuleysisbætur. Að auki er gert ráð fyrir að afskráningar verði í lágmarki

í aprílmánuði sökum hins erfiða ástands á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun gerir því ráð fyrir að atvinnuleysi muni vaxa í um 16,9% í aprílmánuði, en muni lækka eitthvað í maí sökum aukinna umsvifa á ákveðnum sviðum efnahagslífsins.

Próun atvinnuleysis



Pungt högg fyrir ferðapjónustu og tengda starfsemi

Sem fyrr segir hefur samdrátturinn á vinnumarkaði haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir greinar sem tengjast flugrekstri og ferðapjónustu. Yfir 40% af öllum umsóknum um minnkað starfshlutfall eru í þeim greinum og stór hluti annarra umsókna er úr þeim hluta verslunargeirans sem tengist ferðapjónustu að einhverju marki.

Samtals voru ríflega 17.000 manns úr ferðapjónustu-tengdum greinum á skrá í lok marsmánaðar af þeim tæplega 39.000 sem voru á skrá alls og er þá horft bæði til almenna atvinnuleysisins og minnkaðs starfshlutfalls. Það er um 43% af öllum atvinnulausum en til samanburðar er ferðapjónusta og tengdar greinar aðeins um 12% af vinnumarkaðnum.

Atvinnuástand eftir svæðum


Bitnar hart á vinnumarkaði á Suðurnesjum

Staðan á Suðurnesjum var erfið fyrir og var þar 9,1% atvinnuleysi í febrúar, mest í Reykjanesbæ. Stór hluti starfa í Reykjanesbæ tengist flugi til og frá landinu, störf í Flugstöðinni, hjá Icelandair og hjá þjónustuaðilum á Keflavíkflugvelli, þar sem fjölmargir hafa farið á minnkað starfshlutfall í mars og apríl. Sama gildir um fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu, s.s. Bláa lónið, hótél, bílaleigur og rútufyrirtæki, auk fjölmargra smærri fyrirtækja í veitingarekstri og margskonar ferðatengdri þjónustu.

Alls voru um 70% þeirra sem voru í minnkuðu starfshlutfalli á Suðurnesjum í mars starfandi í flugrekstri og ferðaþjónustu af ýmsu tagi, eða nærri 2.000 manns. Aðrir komu úr fjölmörgum atvinnugreinum, mest úr verslun. Almenn atvinnuleysi dreifist meira á atvinnugreinum, en þó eru um 38% þess hóps á Suðurnesjum einnig starfandi innan flugrekstrar og ferðaþjónustu í marslok.


Í lok marsmánuðar voru samtals 4.636 manns atvinnulausir á Suðurnesjum, þar af 1.809 almennir atvinnuleitendur og 2.827 í minnkuðu starfshlutfalli, sem gerir **14,1%** atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist mikið í apríl á Suðurnesjum og fari þá í 23-24%, einkum vegna þeirra sem eru í minnkuðu starfshlutfalli, en gert er ráð fyrir að atvinnuleysi vegna þess aukist úr 4,5% í 13-14%.

Þróun atvinnuleysis á Suðurnesjum



Af sveitarfélögum á Suðurnesjum er atvinnuleysi mest í Reykjanesbæ í marsmánuði, eða 15,6% og fer úr 9,5% í febrúar. Þá er atvinnuleysið ríflega 12% í Vogum og Suðurnesjabæ og er aukningin mikil í Vogum þar sem atvinnuleysið var um 5% í febrúar.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum í mars



Atvinnuleysi meðal kvenna á Suðurnesjum er komið í 15,9% í mars en er um 13,0% meðal karla.

Mikil aukning atvinnuleysis víðast hvar á landinu

Annars staðar á landinu er einnig mikil aukning atvinnuleysis í mars. Á höfuðborgarsvæðinu fer atvinnuleysi í 9,6% en var 5,0% í febrúar. Þá tvöfaldast atvinnuleysi á Suðurlandi milli febrúar og mars, fer úr 3,6% í 8,3%, enda hefur ferðaþjónusta vegið þungt á vinnumarkaði svæðisins undanfarin ár. Þar er staðan sérstaklega slæm í Mýrdalshreppi þar sem atvinnuleysið fer úr 4,3% í nærri 21% milli febrúar og mars.


Atvinnuleysi meira en tvöfaldast einnig á Austurlandi og fer í 6,4%, en var aðeins 2,8% í febrúar. Þar er hlutur ferðaþjónustu yfir landsmeðaltali í hópi þeirra sem fara í minnkað starfshlutfall, eða um 52%.

Á Norðurlandi eystra er atvinnuleysið nú 7,6% og fer úr 4,6% í febrúar. Þar er hlutur ferðaþjónustu í hópi þerra sem fara í minnkað starfshlutfall lægri en víðast hvar annars staðar eða aðeins um 27%, en hærra hlutfall

kemur úr iðnaði og sjávarútvegi. Af einstökum sveitarfélögum versnar ástandið einna mest í Skútustaðahreppi þar sem atvinnuleysið er komið hátt í 15% en var um 6% í febrúar og er að stærstum hluta tengt ferðapjónustu, bæði almenna atvinnuleysið og atvinnuleysi sem tengist minnkuðu starfshlutfalli.

Á Vesturlandi eykst atvinnuleysið mikið og fer úr 3,1% í febrúar í 6,2% í mars. Lægst er atvinnuleysið á Vestufjörðum 4,9% og á Norðurlandi vestra 4,3%.

Þróun atvinnuleysis eftir landsvæðum



Minnkað starfshlutfall

33.000 umsóknir um minnkað starfshlutfall

Að morgni 15. apríl sl. höfðu 33.200 umsóknir um minnkað starfshlutfall borist Vinnumálastofnun en hægst hefur á fjölgun umsókna. Í mars voru **24.400** manns sem komu inn á skrá vegna minnkaðs starfshlutfalls, hinir koma flestir inn frá og með 1. apríl.

Atvinnuleysi vegna þeirra sem skráðir voru í minnkað starfshlutfall í mars reiknast **3,5%** og kemur til viðbótar almennu atvinnuleysi upp á 5,7%. Hæst er hlutfall atvinnuleysis sem tengist minnkuðu starfshlutfalli 4,5% á Suðurnesjum, 3,9% á Suðurlandi og 3,7% á


höfuðborgarsvæðinu. Það er 3,2% á Austurlandi en lægra annars staðar. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi vegna minnkaðs starfshlutfalls fari í um **10%** í apríl og komi þá til viðbótar almennu atvinnuleysi nálægt 7%.

Einstaklingar í minnkuðu starfshlutfalli

Um 40% þeirra sem eru í þessu úrræði um minnkað starfshlutfall eru starfandi í flugstarfsemi, gisti- og veitingarekstri og öðrum ferðapjónustutengdum greinum sem sýnir hve alvarleg staðan er í þeirri atvinnugrein. Raunar eru flestir starfandi í hótél- og gistipjónustu ef skoðaðar eru einstakar greinar innan ferðapjónustunnar og því næst veitingarekstri, en farþegaflutningar með flugi er litlu fámennari. Af öðrum greinum má nefna starfsemi ferðaskrifstofa og bókunarpjónustu, bílaleigur, farþegaflutninga á landi, ferðaskipuleggjendur, þjónustustarfsemi tengd flugrekstri og krár og kaffihús.

Um 21% hópsins starfar í verslun og flutningastarfsemi þar sem smásöluverslun vegur þyngst. Ef skoðaðar eru einstakar greinar verslunar þá starfa flestir í bílasölu og svo fataverslunum. Um 16% starfa í iðnaði, byggingariðnaði, sjávarútvegi og landbúnaði. Um 12% eru starfandi í ýmis konar þjónustustarfsemi á almennum markaði, s.s. sérfræðiþjónustu og upplýsingatækni og útgáfustarfsemi. Þá eru 11% starfandi í menningar- og

Skipting minnkaðs starfshlutfalls á atvinnugreinar




félagastarfsemi auk opinbers rekstrar og persónulegrar þjónustu. Fjölmennasti hópurinn þar starfar innan íþróttafélaga og annarra félagasamtaka, hárgreiðslustofur og snyrtistofur eru þar áberandi auk heilsu- og líkamsræktarstöðva og efnalauga. Einnig starfsemi sviðslista og safna ofl.

Karlar eru um 56% sem nýta sér úrræðið, sem er í samræmi við hlut þeirra á vinnumarkaði. Hlutfallslega fleiri úr yngstu aldurshópunum eru að koma inn á skrá á minnkuðu starfshlutfalli en hlutur þeirra á vinnumarkaði segir til um. Þannig er um 27% á aldrinum 18-29 ára en aðeins 21% á aldrinum 40-49 ára. Hlutfall 60-69 ára er aðeins 9%. Nefna má að um 50 manns, sem eru orðnir 70 ára eða eldri, eru í hópi umsækjenda á grundvelli útvíkkunar á gildissviði laganna, þar af eru tveir komnir yfir áttrett og báðir að færa sig úr fullu starfi.

Erlendir ríkisborgarar telja um fjórðung þeirra sem hafa sótt um úrræðið en hlutfall þeirra á atvinnuleysissskrá er rúmlega þriðjungur, þannig að hlutfall erlendra ríkisborgara er hærra á atvinnuleysissskrá en í nýja úrræðinu.

Skipting minnkaðs starfshlutfalls eftir bakgrunni



Meðal starfshlutfall þeirra sem sótt hafa um úrræðið er um 93%. Rúmlega 28.000 umsækjenda eru að færa sig úr 100% starfshlutfalli en um 5.000 að lækka við sig hlutastarf. Flestir eru að fara niður í 25% starf eða um 20.700 umsækjendur, um 7.600 í 50% starf, en aðrir dreifast mjög víða frá 30% og upp í 80% starf.

Meðalbótahlutfall þeirra sem sótt hafa um úrræðið er um 60%, hæst í gistiþjónustu og ýmis konar ferðatengdri starfsemi en lægst í iðnaði og sérfræðiþjónustu.


Fyrirtækin sem nýta sér minnkað starfshlutfall

Alls eru um 6.300 fyrirtæki að nýta sér þetta úrræði um minnkað starfshlutfall. Nokkur stór fyrirtæki eru þar áberandi og eru 11 fyrirtæki með meira en 150 starfsmenn hvert í minnkuðu starfshlutfalli. Samtals eru þau með um 15% af öllum þeim einstaklingum sem nýta sér úrræðið. Flest þessara 11 fyrirtækja eru í ferðaþjónustutengdri starfsemi eða 8, en hin 3 eru í verslun.

Langflest fyrirtækjanna eru að setja 1 til 3 starfsmenn í minnkað starfshlutfall, eða 4600, sem gerir um 73% allra fyrirtækjanna sem eru að nýta þetta úrræði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þau fyrirtæki sem nýta sér úrræðið dreifast á atvinnugreinar, en dreifingin er nokkuð jöfn og nokkuð ólík dreifingu launþega. Þannig eru aðeins 21% fyrirtækjanna úr ferðaþjónustutengdum greinum á meðan um 40% launþega kom úr greininni.

Dreifing fyrirtækja á atvinnugreinar



Almennir atvinnuleitendur

Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Hefðbundnir atvinnuleitendur þ.e. þeir sem ekki voru með minnkað starfshlutfall voru **14.221** í lok mars, 7.958 karlar og 6.263 konur. Hefðbundið atvinnuleysi, þ.e. án minnkaðs starfshlutfalls var **5,7%**, 5,9% hjá körlum og 5,5% hjá konum. Aukningin nam 0,7 prósentustigum frá febrúar. Mesta aukningin var á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,9 prósentustig og 0,8 prósentustig á Suðurlandi. Mest er hefðbundið atvinnuleysi á Suðurnesjum, 9,7%, 5,9% á höfuðborgarsvæðinu og 5,1% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 1.837 hefðbundnir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars í ár sem samsvarar um 7% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 953 frá mars 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 884. Þá fjölgaði þeim um 628 frá því í febrúar.

Fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda eftir aldri frá febrúar var mest meðal yngsta aldurshópsins 18 til 24 ára eða um 52%. Fjölgun hefðbundinna atvinnuleitenda var um 45% meðal annarra aldurshópa.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.206 hefðbundnir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars s.l. en 1.163 í marslok 2019. Hefur þeim því fjölgað um 1.043 milli ára sem er töluvert mikil aukning sem skýrist að hluta til af því að um ár er nú liðið frá falli Wow air og þeirri fjölgun á skrá sem varð í mars og apríl 2019 af þeim sökum.

Þar sem nýskráðum atvinnuleitendum fjölgar mjög mikið í mars er hlutfall langtímatvinnulausra þó lægra í mars 2020 en 2019, eða 15,5% samanborið við um 16,8% í mars 2019.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Almennum atvinnuleitendum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í mars 2020 frá mars 2019. Mest er fjölgunin í mannvirkjagerð og í starfsemi félaga, menningu og persónulegri þjónustu. Einnig var mikil fjölgun í gistingu- og veitingastarfsemi svo og í flutningastarfsemi (ferðatengdum atvinnugreinum).


Minnsta fjölgun atvinnulausra var í fiskvinnslu og í upplýsingum og fjarskiptum.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal iðnaðarmanna svo og skrifstofufólks og þjónustufólks milli ára.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.856 erlendir ríkisborgarar í hópi hefðbundinna atvinnuleitenda (án minnkaðs starfshlutfalls) í lok mars. Þessi fjöldi samsvarar um 13,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er tvöföldun atvinnuleysis meðal þeirra frá mars 2019. Hins vegar fjölgaði hefðbundnum erlendum atvinnuleitendum mun minna en íslenskum atvinnuleitendum frá febrúar s.l. eða um 24% samanborið við um 46% fjölgun meðal heildarhópsins. Hlutfall þeirra á skrá fellur því í 34% en var nær 40% í byrjun árs.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir erlendir ríkisborgarar á hefðbundinni atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 2.518, sem er um 52% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok mars 2020



Nýskráningum fjölgaði og afskráningum fækkaði í mars

Yfirleitt lækkar atvinnuleysi lítið eitt milli febrúar og mars og atvinnulausum tekur að fækka, bæði vegna þess að það hægist á nýskráningum og afskráningum í vinnu fer að fjölga. Þannig hafa afskráningar í vinnu verið nálægt 400 að jafnaði undanfarin ár. Þá hefur fækkað að jafnaði um 130 manns á skrá milli febrúar og mars á árunum 2010-2018.

Nú í mars fjölgaði á hinn bóginn almennum nýskráningum um atvinnuleysisbætur mikið og fjölgaði á atvinnuleysissskrá um nálægt 4.500 manns frá febrúar. Afskráningum fólks vegna þess að það fór í vinnu fækkaði jafnframt mikið. Þær voru á milli 400 og 500 í janúar og febrúar og raunar um 440 líka í mars í fyrra, en voru aðeins 236 núna í mars í ár. Það sem af er aprílmánuði eru aðeins komnar 76 afskráningar í vinnu, samanborið við meira en 400 að jafnaði í aprílmánuðum síðustu ár.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Heimili starfsfólks verða þjónustuskrifstofur um land allt.

Það er sannanlega vert að greina örlítið frá þeim umbreytingum sem stofnunin gekk í gegnum í mars til þess að gera sér grein fyrir þeim áskorunum sem hver

og einn starfsmaður þurfti að standa frammi fyrir á þessum fjórum vikum. Mánudaginn 2. mars var haldinn starfsmannafundur þar sem tilkynnt var að lokað yrði fyrir einstaklingsviðtöl, hópfunði og námskeið vegna Covid-19. Á sama tíma fóru þau boð út til þjónustupega að nýta sér rafrænar lausnir í auknum mæli og stilla heimsóknnum á þjónustuskrifstofur í hóf. Fimmtudaginn 17. mars var tekin sú ákvörðun að loka öllum þjónustuskrifstofum fyrir heimsóknnum utan að komandi aðila og starfsmannahópnum stóð til boða að sinna störfum sínum að heiman. Viku síðar var stærstur hluti starfsmanna orðinn að fullu fjarvinnufær og gat sinnt sínum störfum frá heimilum landsins. Á sama tíma og starfsaðstæður fólks fluttust inn á heimilin þar sem þau þurftu að aðlagast utanaðkomandi hlutum eins og skertu skólahaldi jukust verkefni, áskoranirnar og álagið á þjónustu stofnunarinnar.

ATBURÐARÁSIN Í MARS

- 2. mars Takmarkanir á komum á þjónustuskrifstofur, fólki beint í rafrænar lausnir.
- 13.mars Starfsfólki tilkynnt um lagasetningar sem hafa munu áhrif á starfsemina.
- 16.mars Þjónustuskrifstofum lokað.
- 17.mars Fjarvinna starfsfólks hefst að stórum hluta.
- 20.mars Lög um minnkað starfshlufall og greiðslur í sóttkví samþykkt á Alþingi.
- 25.mars Opnað fyrir umsóknir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli inni á Mínum síðum VMST.
- 31.mars Tæplega 30 þúsund einstaklingar hafa sótt um nýtt úrræði.
- 1.apríl Stofnuninni berast hátt í 2500 símtöl og 1500 tölvupóstar á degi hverjum.

Miðvikudaginn 25. mars opnaði stofnunin fyrir umsóknir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli, einungis 5 dögum eftir að Alþingi samþykkti lög þess efnis. Þann 7. apríl náðist að greiða tæplega 19 þúsund einstaklingum vegna hins nýja úrræðis og afgreiða tæplega 30 þúsund umsóknir einstaklinga sem bæði voru vegna mars og apríl mánaðar. Ofan á allt annað jukust svo almennar umsóknir um atvinnuleysisbætur frá því í febrúar um ríflega 6000.


Það segir sig sjálfst að viðlíka mánuð hefur starfsfólk stofnunarinnar aldrei upplifað og hefur mannauðsdeild stofnunarinnar haldið þétt utan um mannskapinn með möguleika á m.a. sálfræðiaðstoð og/eða fjarjógatímum. Sérstakt Covid-teymi stofnunarinnar hóf svo að miðla upplýsingum á hverjum degi þann 13.mars til starfsfólks kl 8:30 til að tryggja gagnsæi og skilvirka upplýsingagjöf til starfsfólks í gegnum þessa fordæmalausu tíma.

Símar og tölvupóstar stoppuðu ekki

Ljóst var að símtölum í þjónustuver myndi fjölga umtalsvert og lögðust allir starfsmenn á eitt við að bregðast við því álagi. Myndin hér á síðunni sýnir þá fjölgun mjög vel og hún sýnir einnig hvernig stofnuninni tókst að vinna úr því álagi og þau þolmörk sem þjónustuverið hefur á svona tímum. Til samanburðar má nefna að símtöl voru að meðaltali 425 á hverjum degi í febrúar.

Tölvupóstum hefur einnig fjölgað verulega og hefur verið lagt mikið kapp á að fólk fái svör sem fyrst við

Heildarfjöldi innhringinga í mars



fyrirspurnum sínum. Í febrúarmánuði komu að meðaltali 300 tölvupóstar á dag í aðalposthólf Vinnumálastofnunar og pósthólf Greiðslustofu og hefur fjöldinn því margfaldast. Seinni hluta marsmánuðar voru að berast á bilinu 600-1700 tölvupóstar á degi hverjum.

Næstu mánuðir í þjónustu

Ráðgjafar hjá Vinnumálastofnun eru að undirbúa sig undir nýjar nálganir í ráðgjöf við mismunandi hópa atvinnuleitenda. Unnið er að því að setja upp fjarfundarbúnað til að ráðgjafar geti tekið viðtöl við þjónustupega stofnunarinnar í gegnum fjarfundarbúnað og hafin er vinna í samstarfi við helstu hagsmunaaðila um vinnumarkaðsúrræði og fleira.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjöllum](#) og á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra